

KIRKJUGARÐARÁÐ

42. fundur haldinn 12. júní 2006 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð í forföllum Kristínar Huldar Sigurðardóttur.

1. Setning fundar

Fundur var settur kl. 11:00 Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Málafni gamla kirkjugarðarins að Ásum í Skaftártungu.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir áhuga Landgræðslu ríkisins á að finna lausn á landbroti við gamla kirkjugarðinn að Ásum.

Lagði hann fram bréf sem hann hafði sent Landgræðslunni þar sem óskað er eftir fundi til að ræða málafni Áskirkjugarðs.

3. Samráðsfundur vegna skipulags Þingvallakirkjugarðs

Guðmundur Rafn gerði grein fyrir fundi sínum með forsvarsmönnum Þjóðgarðsins á Þingvöllum, formanni sóknarnefndar og Einari E. Sæmundsen landslagsarkitekt varðandi framtíðarskipulag kirkjugarðsins og umhverfi kirkjunnar á Þingvöllum.

4. Kirkjugarðurinn í Kópavogi

Þórsteinn Ragnarsson gerði grein fyrir Kópavogskirkjugarði sem staðsettur er í Leirdal í Kópavogi. Garðurinn var vígður 10. ágúst 2006 og þar er rými fyrir 13.000 kistugrafir og 5.100 duftker. Fyrirhugað er að girða garðinn og koma fyrir sáluhliði.

Sýndi Þórsteinn tillögur að væntanlegri girðingu og sáluhliði og samþykkti Kirkjugarðaráð þessar tillögur fyrir sitt leyti.

5. Nýtt sáluhlið í Gufunesi

Í framhaldi af byggingu þjónustuhúss á Hallsholti sem hýsir skrifstofu og starfsmannaaðstöðu var ákveðið að reisa sáluhlið við aðkomu garðsins frá Hallsvegi. Er hliðið hluti af heildarásynð þjónustubyggingar á Hallsholti. Hliðið samanstendur af fjórum steiptum veggjum, tveimur klukkustólpum er saman mynda klukknaport og um leið aksturs- og gönguhlið. Leist ráðinu vel á sáluhliðið og samþykkti það.

6. Næsti fundur

Verður 21. ágúst að Laugum í Sælingsdal. Í leiðinni verða heimsóttir kirkjugarðar í Dalasýslu.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Fundi slitið klukkan 15:05.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Guðmundur Rafn Sigurðsson,
ritari